

JAFNRÉTTISSTEFNA

MANNAUÐSSTEFNA ELKO ER AÐ VERA FYRIRMYNDARVINNUSTAÐUR OG BÚA TIL STARFSUMHVERFI ÞAR SEM ÁHERSLAN ER Á ÞJÁLFUN, JAFNRÉTTI, HEILSU, OG ÖRYGGI STARFSFÓLKS.

VIÐ SETJUM OKKUR ÞVÍ ÁÆTLUN UM HVERNIG VIÐ GÆTUM JAFNRÉTTIS Í ÁKVÖRÐUNUM SEM SNÚA AÐ REKSTRINUM TIL AÐ TRYGGJA AÐ STARFSFÓLKI SÉ EKKI MISMUNAÐ VEGNA KYNS, ALDURS, UPPRUNA, TRÚAR EÐA ANNARRA ÞÁTTA.

VIÐ STÖNDUM FAGLEGA AÐ RÁÐNINGUM SEM ERU BYGGÐAR Á STARFSLÝSINGUM UM HÆFNIKRÖFUR.

VIÐ GREIÐUM LAUN OG HLUNNINDI Í SAMRÆMI VIÐ JAFNLAUNASTEFNU OG VIRÐI STARFA ÚT FRÁ HÆFNIKRÖFUM, ÁBYRGÐ OG ÁRANGRI.

VIÐ LEGGJUM ÁHERSLU Á AÐ ALLT STARFSFÓLK HAFI JAFNA MÖGULEIKA Á STARFSÞRÓUN.

VIÐ SKÖPUM STARFSFÓLKI STARFSUMHVERFI Í SAMRÆMI VIÐ STEFNU UM JAFNRÉTTI. VIÐ SEMJUM UM VINNUTÍMA MEÐ ÞAÐ AÐ MARKMIÐI AÐ FÓLK GETI SAMRÆMT FJÖLSKYLDULÍF VIÐ VINNU OG LEGGJUM MIKLA ÁHERSLU Á STARFSUMHVERFI ÞAR SEM ÖLLUM GETUR LIÐIÐ VEL VIÐ DAGLEG STÖRF OG EINELTI OG KYNFERÐISLEG ÁREITNI ER EKKI LIÐIN.